

Nd.

631. Lög

um einkasölu á áfengi.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum áfengi og vinanda, sem heimiit er að flytja til landsins og í er meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vinanda (alcohol) að rúmmáli. Sendimenn annara ríkja halda þó rjetti sínum til innflutnings áfengis.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa inuanborðs áfengi, ef með það er farið samkvæmt bannlögum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún að eins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, svo og öðrum þeim, er bannlög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissölu. Í þeim reglum skal það tiltekið, hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna, dýralækna og lyfsala, svo að mest sje á hverju ári eða um tiltekið tímabil.

Enn fremur skal það ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kauptúnum landsins selt undir yfirumsjóu og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita þessari verslun forstöðu. Hanu skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal og skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir ríkissjóð og lækna, er hafa rjett til lyfjasölu, lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsölu-skránni. Nánari reglur um starfssvið forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

5. gr.

Ráðherra skipar 2 menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

6. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur í 2. gr., kveður ríkisstjórnin á um, hvernig fara skuli um áfengisbirgðir lyfjabúða og lækna, sem fyrir hendi kunna að vera, þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð, eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

7. gr.

Á vinanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli. Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögakveðna tolla og innflutningsgjald af vörum þeim, er lög þessi ræða um, á þeim stað, er varan fyrst er flutt á land, og á þann hátt og á þeim tíma, sem toll- og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í rikissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

10. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nægan forða af áfengi og vinanda fyrir- liggjandi í Reykjavík. Kostnað við sendingu varanna innanlands greiði við- skiftamenn verslunarinnar. Þantaðar vörur samkv. 4. gr. getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er.

11. gr.

Ríkisstjórnin setur hámarksverð í smásölu á þær vörur, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöf- unar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í rikissjóð.

13. gr.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál.